

Fréttatilkynning frá FAL – Félagi almennra lækna
26. janúar 2010

Almennum læknum þröngvað til að færa óásættanlega fórnir

Félag almennra lækna (FAL) lýsir yfir djúpum áhyggjum af sparnaðaráformum í heilbrigðisgeiranum en fyrirhugaðar eru breytingar á vaktafyrirkomulagi Landspítala sem munu leiða af sér aukið vinnuálag, minni starfsánægju, skerðingu á kjörum og aukna hættu á mistökum í starfi. Nú þegar glímur læknaástéttin við vitsmunaflofta en komið hefur fram í fréttum að undanfögnu að lækna í námi erlendis hyggist margir hverjir ekki snúa heim. Með endurteknum breytingum sem hafa víðtæk áhrif á starfsskilyrði og lífskjör almennra lækna er hætt við að fólk finni sig knúð til að flytja af landi brott, ellegar þurfi það að fórnar hagsmunum fjölskyldunnar fyrir starfið.

Almennir lækna vilja hinsvegar ekki láta reka sig nauðuga úr landi né mega þeir til þess hugsa að hætta aukist á mistökum í starfi. Því er farið fram á að samráð sé haft við lækna þegar sparnaðar er þörf.

Aflagt vaktakerfi tekið upp aftur

Helsti ásteitingarsteinninn nú er vaktafyrirkomulagið Night-Float sem á að endurvekja eftir að fyrirkomulagið var lagt af á Landspítalanum árið 2005. Með Night-Float er næturvöktum skeytt saman og því eru teknar fleiri vaktir í röð og mun það kalla á aukið vinnuframlag almennra lækna án þess að kaupaukning komi á móti. Ákvörðunin er tekin af yfirstjórn spítalans, án samráðs við almenna lækna og kandiádata og þvinguð yfir öll nema eitt hinna sex sviða Landspítalans, þvert á fyrri yfirlýsingar yfirstjórnar spítalans um minni miðstýringu.

Breytingin var rökstudd með því að hún yrði til að bæta samfellu í dagvinnu. Annað hefur þó komið á daginn og viðurkennir yfirstjórnin nú að tilgangurinn með vaktafyrirkomulaginu sé sparnaður sem FAL telur að ekki verði mögulegt að ná fram. Þvert á móti muni kostnaður og líkur á dýrkeyptum mistökum aukast vegna aukins og ónauðsynlegs álags.

Brot á vinnulöggjöf

Nær ómögulegt verður að spara með þessum breytingum því þær krefjast aukinnar viðveru sem mun færa vinnuframlag lækna vel yfir leyfileg og sanngjörn mörk. Lækna hafa þegar tekið á sig umtalsverða kjaraskerðingu líkt og flestir hópar í þjóðfélaginu svo hægt sé að koma hjólum efnahagslífsins í gang aftur. Almennir lækna og kandiádatar vinna þegar mjög mikið eða 48-55 klst á viku að meðaltali, og er þó ekki talin með ógreidd yfirvinna sem er umtalsverð. Mikið álag er á fólk í læknaástéttinni og reynist mörgum erfitt að samræma fjölskyldulíf og vinnu vegna langra vinnudaga og mikillar vaktavinnu. Nýverið hafa lög um hámarksvinnutíma tekið fullt gildi fyrir lækna, en þau kveða á um að ekki skuli unnar fleiri en 48 klst á viku. Yfirstjórn spítalans hefur sagst munu virða þessi lög, hins vegar sýna útreikningar almennra lækna að Night-Float kerfið eykur meðalvinnu um 5-20% en samkvæmt því munu breytingarnar þverbrjóta

vinnulöggjöfina, sem þegar hefur þurft að láta reyna á. Öðrum kosti verður nauðsynlegt að ráða fleiri lækna svo vinnulöggjöfin geti haldið miðað við núverandi áform. Sparnaður er því hæpinn.

Kynjaslagsíða framundan

Umhugsunarefni er hver áhrif slíkra breytinga verða á stéttina í ljósi þess að hlutfall kvenna eykst með hverjum útskriftarárgangi. Þær fórnir sem lækna þurfa að færa innan fjölskyldunnar til að geta sinnt starfi sínu eru gríðarlegar og má búast við að frekari skerðing muni leiða til kynjaslagsíðu. Þannig gæti farið að ungar konur með börn velji síður að starfa á spítalanum heldur neyðist til að nýta nám sitt á öðrum vettvangi eða til að flytja erlendis til að geta samræmt vinnu og fjölskyldulíf. Ljóst er að breytingarnar auka vanda almennra lækna sem sjúklinga.

Versnandi aðstæður

FAL ítrekar að nauðsynlegt er að hafa ávallt samráð við starfsfólk um breytingar. Félagsmenn FAL hafa lýst yfir gríðarlegum áhyggjum vegna fyrirhugaðra breytinga en mögulegt er að lækna geti þurft að taka allt upp í sjö 13 tíma vaktir í röð. Gríðarlegt álag getur verið á þessum vöktum og segja þeir sem hafa unnið við slíkar aðstæður að andlegt og líkamlegt þrek þverri áður en törninni er lokið.

Yfirlýst markmið stjórnvalda er að standa vörð um velferðarkerfið. Rannsóknir sýna hinsvegar að mistök lækna aukast eftir því sem þreyta eykst. Vaktaskiptum fjölga líka sem einnig eykur hættuna á mistökum. Breytingin ógnar því öryggi sjúklinga auk þess að yta undir landflóttu lækna.

Þá ber einnig að líta á það að síðastliðin ár hefur stéttin að jafnaði unnið mikla ógreidda yfirvinnu, enda þótt yfirvinnubann á starfsfólk Lanspítala sé talið til nýrra sparnaðaraðgerða þá hefur það gilt fyrir lækna í lengri tíma. Yfirvinna er þó að jafnaði umtalsverð, enda er eðli starfisins þannig að oft reynist erfitt að hætta vinnu á slaginu fjögur. Það finnst t.d. dæmi um að aðgerðir séu skipulagðar eftir kl: 16. Lækna hafa því þegar sýnt mikinn sveigjanleika til að mæta niðurskurði í heilbrigðiskerfinu og nú samdrætti á landsvísu. Byrjunarlaun lækna eru 303 þúsund þrátt fyrir afar langt og krefjandi nám. Í ljósi þess að heilbrigðisráðherra hefur boðað aukinn jöfnuð er rétt að benda á að þessi upphæð er hlutfallslega lág miðað við námstíma, ábyrgð og vinnuframlag. Breytingarnar nú munu þýða aukna vinnu án samsvarandi kaupaukningar. Félag almennra lækna hefur bæði stuðning Læknafélags Íslands og Læknaráðs Landspítalans til þess að standa gegn fyrirhuguðum breytingum. Enn fremur má hafa í huga að það er skylda hvers læknis að berjast gegn breytingum sem mögulega draga úr öryggi sjúklinga.

Félag almennra lækna harmar að stefnt sé að vaktaplani sem getur aukið hættuna á mistökum og mun stuðla að versnandi kjörum og starfsskilyrðum.

FAL: Félag lækna sem hafa almennt lækningaleyfi en hafa ekki lokið sérgreinarámi auk kandídata.